

Skólaráð Smáraskóla 2016-2017



Þriðji fundur skólaráðs þann 15.12.2016 kl. 8:00 í Melkoti.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2016-2017. (Mættir fulltrúar eru feitleitraðir).

Friðþjófur Helgi Karlsson skólastjóri, Árni Árnason fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Guðmundína Kolbeinsdóttir fulltrúi kennara veik, Hrefna Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Birna Ólafsdóttir fulltrúi foreldra/grenndarsamfélagsins, Ingibjörg Bragadóttir fulltrúi annars starfsfólks, Erika Gísladóttir fulltrúi nemenda, Anna Lena Halldórsdóttir fulltrúi nemenda og Anna María Skúladóttir áheyrnarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2017 – 2018 : Farið var yfir drög skóladagatals fyrir næsta skólaár. Það á eftir að bæta inn fleiri skertum dögum og fleiru, þegar þeir verða komnir inn verður dagatalið kynnt aftur fyrir meðlimum skólaráðs.
2. Samræmd próf haustið 2016 – niðurstöður : Framkvæmd prófana gekk vel en margt nýtt í kringum þau, voru tekin rafrænt í fyrsta skipti. Skólarnir fá ekki að sjá hin eiginlegu próf heldur spurningar sem eru sambærilegar þeim sem voru á prófinu. Við í Smáraskóla komum að flestu leyti vel út úr prófunum bæði í 4. og 7.bekk, niðurstöður kynntar.
3. Læsi – lesfimiviðmið MMS : Ný lesfimiviðmið fyrir grunnskólana voru gefin út af Menntamálastofnun í síðasta mánuði. Menntamálastofnun er að staðla bæði viðmið og próf fyrir skólana. Allir skólar í Kópavogi eru að vinna að því að búa til lestrarstefnu fyrir sína skóla. Umræður voru um læsissáttmála heimilis og skóla.
4. PISA : Farið yfir niðurstöður síðustu PISA könnunar. Því miður voru niðurstöðurnar ekki nógu góðar fyrir Ísland, hvernig stendur á því? Niðurskurður, viðhorf til menntunar, kjör- og starfsaðstæður fagfólks?
5. Önnur mál : Enginn önnur mál voru til umræður.

Fundi slitið kl. 9:20.

Ritari: Anna María Skúladóttir